

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2714
komudagur 14.5.2008



13.5.2008
1A3g/35/211/LÓ/l6

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík


Efni: Tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í barnaverndarmálum til 2010, 534 mál.

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins þakkar fyrir að fá tækifæri til umsagnar um ofangreinda þingsályktunartillögu.

Atrið sem Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins vill vekja sérstaka athygli á er endurgjöf til heilbrigðisstarfsfólks eftir að grunur þess hefur verið tilkynntur barnaverndarnefnd.

Mikil leynd hefur hvílt yfir barnaverndarmálum og skal það ekki gagnrýnt. Hins vegar hefur oft verið á það bent að heilbrigðisstarfólk fái ekkert að vita um málin eftir það. Samskipti barna við heilbrigðisstarfsmenn eru nokkuð tíð en yfirleitt stutt og skilyrt. Því hafa starfsmenn oft úr litlu að móða og þeim mun mikilvægara er að fá upplýsingar um hvernig til hafi tekist með greiningu á barnaverndarmáli. Slík endurgjöf eykur árvekni en skortur á endurgjöf getur aftur á móti sljóvgað hana. Því vill HH koma því inn í áætlunina að nauðsynleg endurgjöf til heilbrigðisstarfsmanna verði tryggð án þess þó að fórnað sé mikilvægum þáttum upplýsingaleyndarinnar.

Virðingarfyllst,



Lúðvík Ólafsson
lækningaforstjóri